

Fréttatilkynning frá Nóa Síriusi 15. janúar 2020

Nói Sírius innkallar fleiri vörur

Eins og fram kom í fyrri tilkynningu frá Nóa Sírius varð bilun í vélbúnaði sem varð til þess að ákveðið var innkalla ákveðnar súkkulaðiþlötur, þar sem ekki var hægt að útiloka að plast hefði borist í þær. Til þess að gæta fyllstu varúðar hefur Nóa Sírius ákveðið að bæta við bæði vörum og best fyrir dagsetningum við innköllunina.

Um er að ræða þrjár stærðir af Sírius Rjómasúkkulaði og þrjár stærðir af Sírius Suðusúkkulaði.

Plastið sem kann að hafa farið í súkkulaðið er ýmist blátt eða bleikt að lit og ætti því að vera sjánlegt neytendum þegar varan er opnuð. Tekið skal fram að umræddur vélbúnaður hefur verið lagfærður og því um einangruð tilvik að ræða. Nóa Sírius fylgir ströngum gæðastöðlum og gerðar hafa verið ráðstafanir til að útiloka að sambærilegt tilvik komi upp aftur.



Neytendur sem hafa keypt tilgreindar vörur eru beðnir að skila þeim inn í verslun eða á skrifstofu Nóa Síriusi að Hesthálsi 2-4.

Nói Sírius harmar þau óþægindi sem þetta kann að hafa valdið neytendum.

Tegundir sem um ræðir:

Vert er að taka fram að bæði strikamerki og best fyrir dagsetning verður að vera sú sama til þess að um innköllunarvöru sé að ræða.

Best fyrir dagsetningar merktar **bláar** eru viðbót.

 <p>Sírius Suðusúkkulaði 200g Strikamerki: 5690576560104 Best fyrir: 25.05.2021.</p>	 <p>Sírius Rjómasúkkulaði með karamellukurli og sjávarsalti 150g: Strikamerki: 5690576570691 Best fyrir: 17.06.2021, 18.06.2021.</p>	 <p>Sírius Suðusúkkulaði með karamellukurli og sjávarsalti 200g Strikamerki: 5690576560173 Best fyrir: 26.05.2021.</p>
 <p>Sírius Suðusúkkulaði 300g Strikamerki: 5690576560302. Best fyrir: 30.05.2021, 02.06.2021, 03.06.2021, 09.06.2021, 10.06.2021, 11.06.2021, 12.06.2021.</p>	 <p>Sírius Rjómasúkkulaði 150g. Strikamerki: 5690576570608. Best fyrir: 17.06.2021.</p>	 <p>Sírius Rjómasúkkulaði 3x100g. Strikamerki: 5690576570585. Best fyrir: 03.06.2021 og 04.06.2021.</p>

Tengiliður: Rúnar Ingibjartsson, gæðastjóri Nóa Sírius, s. 820-1815.